

Ed. 259. Frumvarp til laga [130. mál]

um breyting á lögum nr. 50 31. júlí 1959, um eftirlit með skipum.

(Lagt fyrir Alþingi á 82. löggjafarþingi, 1961—1962.)

1. gr.

3. töluliður 46. gr. laganna orðist svo:

Að dæma og eftir atvikum rannsaka refsímál, sem höfðuð eru út af sjóslýsum eða brotum á lögum þessum.

2. gr.

a. 5. mgr. 47. gr. laganna orðist svo:

Öll sjópróf fara fram að hætti opinberra mála.

b. 7. mgr. sömu greinar orðist svo:

Áður en saksóknari ákveður málshöfðun fyrir siglingadómi, skal hann jafnan leita umsagnar skipaskoðunarstjóra. Ber skipaskoðunarstjóra að láta í té rökstudda umsögn og tillögur svo fljótt sem verða má.

c. 8. mgr. sömu greinar orðist svo:

Nú er refsímál höfðað fyrir siglingadómi, og fer þá um meðferð þess að hætti opinberra mála, þó þannig, að mál skal jafnan sæta sókn og vörn samkvæmt 131.—136. gr. laga nr. 82 21. ágúst 1961, um meðferð opinberra mála.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í sambandi við breytingu þá á skipun ákærvaldsins, sem gerð var á síðasta Alþingi, hefur þótt nauðsynlegt að gera breytingu á lögum nr. 50 1959, um eftirlit með skipum, svo að ljóst sé, að ákærvald í málum samkvæmt þeim lögum sé hjá saksóknara ríkisins. Jafnframt hefur þótt rétt að samræma ákvæði laganna lögum um meðferð opinberra mála (nú lög nr. 82 21. ágúst 1961).